

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/66/EB frá 23. desember 2005 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „járnbrautarvagnar—hávaði“ í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 37f (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/447/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„37g. **32006 D 0066**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/66/EB frá 23. desember 2005 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „járnbrautarvagnar—hávaði“ í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu (Stjtíð. ESB L 37, 8.2.2006, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2006/66/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 40, og EES-viðbæti nr. 60, 13.12.2007, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 37, 8.2.2006, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.